

Gæðamálörvun í daglegu amstri

Endurtaktu það sem barnið segir

- endurtaktu bæði orð og setningar – þá upplifir barnið að þú sért að hlusta og það hvetur til áframhaldandi samræðna

Vertu viss um að hafa **athygli barnsins** áður en þú talar við það – nefndu nafn þess

- beygðu þig niður að barninu – leggðu hönd á öxl þess – náðu augnsambandi

Tjáðu þig á **fjölbreyttan hátt** – rödd, svipbrigði, bendingar

- vertu lífleg/-ur þegar þú talar við barnið – notaðu bendingar, látbragð og mismunandi svipbrigði til að leggja áherslu á orð

Settu **orð á allar athafnir**, alltaf – notaðu einföld orð og endurtaktu

- lýstu daglegum athöfnum – lýstu því sem þú ert að gera – talaðu hægt og skýrt – endurtaktu

Kenndu barninu **ný orð** í umhverfinu og notaðu **öll skilningarvit**

- kenndu ný orð á eftirminnilegan hátt, t.d. með því að leyfa barninu að snerta, horfa, lykta og jafnvel bragða á „orðinu“ (t.d. kartafla/jarðepli) – notaðu söngva, rímur og þulur – notaðu tækifærið í útveru og kenndu orð í gegnum athafnir s.s. grafa, skríða, sveiflast, rúlla - notaðu tækifærið hvar sem

Gæðamálörvun í daglegu amstri

Hrósaðu barninu fyrir að tjá sig og **endurtaktu rétt** án þess að benda á mistök

- endurtaktu alltaf rétt og alls ekki benda á mistök, ef einhver eru – ef barn segir: „Ég hlaupaði á róló“ þá gætir þú sagt: „Já, hljópstu á róluvellinum“

Bættu við það sem barnið segir – **umorðaðu og útvíkkaðu**

- þetta er gullna reglan í málörvun og ekki hætta að nota hana þegar börnin verða 3ja ára – þegar barn segir: „Sjáðu bíll“ þá gætir þú sagt: „Já, sjáðu þarna er rauður bíll“ – ef barn segir: „Sjáðu gult bíll“ þá segir þú: „Já, sjáðu þarna er gulur bíll“ – **EKKI BENDA Á MISTÖKIN**

Gefið **tóm til umhugsunar**, stundum þarf að gefa nokkrar sekúndur – munið **augnsamband og athygli** á barninu

- barnið þarf oft tíma til að hugsa – mundu samt að halda athyglinni á barninu

Varið ykkur á spurningum, þær **eiga að vera opnar og leiða til samtals**

- ekki spyrja of margra spurninga – góð spurning gefur barninu tækifæri til að hugsa dýpra – opnar spurningar byrja á: „Hvernig gerðist...“ „Hvað fannst þér...“ „Hvernig hefði...“ „Hvað gæti...“ „Hvers vegna...“

Það á að vera skemmtilegt að læra málið!

- því meira sem barnið sér þig leika með málið – því líklegra er að það leiki með það sjálft